

Fundargerð háskólaráðsfundar 11. janúar 2012

Fundarstaður: Guðmundarstofa á Bifröst kl. 10.30 – 12.00

Mætt: María Einarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Íris Hauksdóttir, Jón Ólafsson, Þórir Páll Guðjónsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Brynjólfur Magnússon, Elísabet Guðrúnardóttir, Snæfríður Baldvinsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Signý Óskarsdóttir.

Fjarverandi: Böðvar Sigurbjörnsson, Stefán Sveinbjörnsson, Alma Jónsdóttir og Hallur Jónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar nr. 128

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Erindi til háskólaráðs (vistað í trúnaðargögnum háskólaráðs)

- a) Erindi frá X vegna prófs í skattarétti á vorönn 2010.
Ritara var falið að svara erindinu eftir umræður í háskólaráði.
- b) Tekið fyrir erindi vegna ákvörðunar fagráðs um lokaverkefni í aðferðafræði.
Háskólaráð staðfestir ákvörðun fagráðs.

3. Stefnumótunarmál

Rektor og stjórn skólans eru að vinna í undirbúningi stefnumótunarvinnu sem fram á að fara á næstu mánuðum. Skipulagsbreytinar á síðustu önn og breytingar á reglugerð voru fyrstu skrefin í þessu ferli og nú verður haldið áfram með þá vinnu m.a. með því að móta nýja stefnu fyrir einstaka þætti í starfsemi háskólans. Um er að ræða nýja rannsóknarstefnu, kennslustefnu og gæðastefnu ásamt því að endurskoða gildi Háskólans á Bifröst og endurnýja núverandi heildarstefnu skólans sem gildir til 2012. Þessi vinna mun fara fram í samvinnu við stjórnendur, starfsfólk og nemendur.

4. Starfsmannamál

Háskólinn á Bifröst hefur á undanförunum vikum ráðið sjö nýja akademíska starfsmenn að skólanum og tveir hafa tekið að sér ný hlutverk. Ráðningarnar koma annars vegar til vegna mannskípta, hinsvegar vegna uppbyggingar skólans, en stjórnsýsla hans var endurskipulögð fyrir á árinu í þeim tilgangi að styrkja þróun á sviði rannsókna og kennslu. Bifröst mun á næstu árum leggja stóru áherslu á rannsóknir til eflingar meistaranámi skólans. Einnig verður rík áhersla lögð á að þróa kennsluáferðir og efla sérstöðu skólans.

Helga Kristín Auðunsdóttir tekur við starfi sviðsstjóra lögfræðisviðs frá áramótum. Hún lauk ML gráðu í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2006. Árið 2009 hlaut hún Cobb Family Fellowship-styrk til framhaldsnáms við Miami háskóla og útskrifaðist með LL.M gráðu í alþjóðalögum vorið 2010. Að loknu námi starfaði hún sem gestaprófessor við lagadeild Miami háskóla, þar sem hún kenndi evrópskan félagarétt og samkeppnisrétt. Áður starfaði hún sem lögfræðingur hjá Stoðum hf. og Greiðsluveitunni.

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson tekur við hálfu starfi háskólakennara í lögfræði um áramót. Hann lauk doktorsprófi frá Westfälische Wilhelms Universität árið 2007 og starfaði í kjölfar þess sem lögmaður á LEX lögmannsstofu. Hann hefur einnig starfað sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Fjármálaráðuneytinu og Ríkisskattstjóra. Hann er nú sérfræðingur á lögfræðisviði Arion banka hf og mun gegna því starfi samhliða kennslu við Háskólann Bifröst. Sérsvið hans er einkum Evrópuréttur.

Aagot Vigdís Óskarsdóttir tekur við hálfu starfi háskólakennara í lögfræði um áramót. Hún lauk kandidatsprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2001 og hefur starfað hjá Stjórnarráði Íslands, umboðsmanni Alþingis, gegnt stöðu sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands og starfað fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Hún hefur verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og við Háskólann á Bifröst. Sérsvið hennar er auðlindaréttur, eignaréttur og umhverfisréttur.

Unnar Steinn Bjarnald hefur tekið við hlutastarfi sem aðjúnt í lögfræði. Hann lauk ML prófi í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst 2005. Unnar Steinn öðlaðist héraðsdómslögmannsréttindi á árinu 2007 og varð eigandi LS Legal í Reykjanesbæ sama ár. Unnar Steinn öðlaðist KSÍ umboðsmannaréttindi (FIFA Licensed Players' Agent) á árinu 2007 og hefur verið ráðgjafi innlendra og erlendra afreksíþróttamanna og íþróttaliða frá þeim tíma. Hann hefur verið stundakennari við Háskólann á Bifröst um skeið.

Sigurbjörn Einarsson tekur við starfi sviðsstjóra viðskiptafræðisviðs frá janúar að telja. Sigurbjörn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með Cand. Oecon gráðu frá árinu 1998. Sigurbjörn býr yfir mikilli þekkingu á fjárstýringu, fjármálastjórnun, fjárfestingu og eignastýringu. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri MP Sjóða hf. hjá HF Eimskipafélagi Íslands síðar Burðarási hf. og Straumi-Burðarás hf. Hann hefur jafnframt verið stundakennari við Háskólann á Bifröst og Háskóla Íslands undanfarin ár.

Bryndís Björnsdóttir tekur við hálfu starfi háskólakennara í markaðsfræði um áramót. Hún lauk meistaraþáttu í stjórnun markaðssamskipta frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) árið 2006. Áður hafði hún lokið BS prófi í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði og stjórnun. Hún hefur undanfarin fimm ár starfað sem markaðsráðgjafi og birtingastjóri hjá Auglýsingamiðlun og mun starfa þar áfram samhliða kennslu á Bifröst. Hún hefur starfað sem stundakennari í markaðsfræði á Bifröst.

Auður H. Ingólfssdóttir tók við starfi sviðsstjóra félagsvísindasviðs 1. september síðastliðinn. Auður lauk meistaraþáttu í alþjóðasamskiptum frá Fletcher School of Law and Diplomacy frá Tuftsháskóla í Boston árið 1999 en áður lauk hún BA gráðu í alþjóðafræðum frá Washington háskóla í Seattle og prófi í hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands. Hún stundar nú doktorsnám í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands og Háskólann í Lapplandi. Hún hefur verið lektor við Háskólann á Bifröst síðastliðin tvö ár, en starfaði áður m.a. sem sérfræðingur í Makedóníu og á Sri Lanka á vegum íslensku friðargæslunnar, sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og á alþjóðaskrifstofu umhverfisráðuneytisins.

Kári Joensen tók við starfi forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst 1. september síðastliðinn. Kári lauk MS prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 2007 og áður BS prófi í iðnaðarverkfræði frá sama skóla. Hann hefur undanfarin ár starfað sem hagfræðingur við Rannsóknasetur verslunarinnar auk þess að sinna kennslu við Háskólann á Bifröst. Þar áður starfaði hann sem sérfræðingur á efnahagssviði Hagstofu Íslands.

Sigrún Lilja Einarsdóttir tekur við starfi háskólakennara í aðferðafræði og sérfræðings Rannsóknamiðstöðvar í byrjun næsta árs. Hún stundar doktorsnám í félagsfræði við Háskólann í Exeter og mun verja doktorsritgerð sína vorið 2012. Sigrún er með MA-gráðu í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst, kennslufræði til kennsluréttinda frá Háskólanum á Akureyri og BA-gráðu í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Sigrún hefur starfað við kennslu á ýmsum skólastigum en þó lengst sem kennari við Menntaskólann að Laugarvatni. Jafnframt hefur Sigrún starfað á skrifstofu Háskólans á Bifröst, sinnt stundakennslu við félagsvísindasvið sem og ýmsum sérfræðistörfum við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.

Brynjar Þór Þorsteinsson tekur við starfi umsjónarmanns meistaranáms frá og með 1. mars næstkomandi. Hann lauk MS prófi í viðskiptum og hagfræði frá CBS.

5. HHS í fjarnámi

Ekki var farið af stað með fjarnám í HHS núna á vorönn vegna ónógrar þátttöku, en áætlað að það byrji næsta haust og kynna námið vel.

6. Fundarplan háskólaráðs 2012

Ritari háskólaráðs lagði fram fundarplan vor- og sumarannar 2012. Fundarplanið var samþykkt.

7. Kennslumat haustannar 2011

Kennslumat haustannar 2011 var lagt fram til kynningar. Niðurstöðurnar eru í heildina góðar en bæta þyrfti þátttöku nemenda í kennslumati til þess að matið nýtist sem best. Ákveðið var að gæðastjóri fylgi fyrirlögn kennslumats betur eftir á meðan opið er fyrir svörun nemenda.

8. Önnur mál

- a. Ábending frá nemendum um að kennarar í misserisvörnum hafi ekki verið ráðnir kennarar við skólann heldur aðrir starfsmenn skólans. Rektor benti á að skólinn gerir ekki kröfur til þess að frummælandi og viðverandi séu akademískir starfsmenn skólans. Hins vegar hefur verið leitst við að tryggja að viðkomandi þurfi að hafa meistaragráðu á viðkomandi fagsviði.
- b. Önnur ábending um að kennarar hafi verið í tölvunni og ekki sýnt misserisvörnum tilhýðilega virðingu. Þessi ábending kom nokkuð á óvart þar sem reglur um misserisvarnir banna tölvunotkun aðra en þá sem nauðsynleg er til að flytja málið. Aðstoðarrektor var falið að taka málið til umræðu í kennslu- og rannsóknaráði.

Fundi slitið 12:00

Fundargerð ritaði Signý Óskarsdóttir